

Smiðjur hjá 1. – 7. bekk

Vorönn 2010

Smiðjutímarnir eru á þriðjudögum frá kl. 10.10 – 11.50

Útgáfusmiðja

Í þessari smiðju er ætlunin að búa til blað. Hver hópur útbýr eitt blað í sameiningu þó einstaklingarnir innan hópsins vinni hver og einn fyrir sig eða í smærri hópum. Viðfangsefnin eru margvísleg, til að mynda má nefna myndasögur, ljóð, smásögur, viðtöl og uppskriftir. Unnið verður með tölvur, myndavélar auk þess sem farið verður í eldhúsið til að útbúa þær uppskriftir sem ætlunin er að birta. Umsjónarmaður þessarar smiðju er Berglind Hauksdóttir kennari.

Fuglasmiðja

Markmiðið með smiðjunni er að kynnast helstu íslensku skógarfuglunum og finna leiðir til þess að laða skógarfugla að útiskólasvæðinu okkar. Það munum við t.d. gera með því að smíða fuglafæðubox og fuglahús sem sett verða upp í Mörkinni. Nemendur vinna tveir og tveir saman. Umsjónarmaður þessarar smiðju er Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri

Hugmyndasmiðja

Kennsla þessarar smiðju fer fram í myndmenntastofunni þar sem unnið er á ýmsan hátt með hugmyndafræði myndlistar. Frá hugmynd til verks. Kennari er Gústav Bollason myndlistarmaður.

Útismiðja

Í útismiðjunni höldum við áfram að vinna á útiskólasvæðinu. Þessi hópur mun merkja hús sín og útbúa ýmislegt t.d. luktir til þess að setja inn í húsin. Kennslan fer fram bæði úti og inni. Kennari er Hulda Arnsteinsdóttir.

Buslsmiðja

Í þessari smiðju verður buslað og leikið sér í sundlauginni. Þeir nemendur sem þurfa einstaklingsstuðning í sundi geta fengið hann í þessum tíma. Kennari er Inga Matthíasdóttir íþróttá- og sundkennari.